

**Fundargerð stjórnar BÍS 12/2012. Vinnufundur.**  
**Laugardaginn 5. maí 2012 kl. 10:00 í Skátaskálanum Vífilsbúð í Heiðmörk**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá

1. Stefnur og markmið WOSM vs BÍS:

- a. Ítrekuð sú samþykkt að fylgja WOSM í uppbyggingu skátastarfs á Íslandi, en halda áfram góðum tengslum við WAGGGS.
- b. Auka samstarf við aðra: t.d. Slysavarnafélagið Landsbjörg, félagsmiðstöðvar, kirkjur, KFUM og KFUK, UMFÍ ofl.
- c. Tengja fréttakerfi Skátavefsins við netföng – sbr EUROPAK – BAÁ undirbýr.
- d. Tryggja að Skátamál séu aðgengileg á PDF.
- e. Velta fyrir sér að Skátamál í því formi sem hafa verið að undanfögnu þróist áfram í þá átt að verða Skátablaðið og Skátamál verði aftur nýtt fyrir styttri tilkynningar og fréttir.
- f. Kanna möguleika á því að útbúa 52 síður um skátastarf til birtingar í dagblaði/vikublaði.
- g. Finna lausn á aðgengi stjórnsmanna að gögnum í tölvukerfi BÍS.
- h. Stefnumörkun, Fara yfir aðgerðalista með tilliti til nauðsynlegrar endurröðunar.

2. Kynning á ráðum:

- a. Farið var yfir helstu verkefni hvers ráðs.

3. Starfsreglur stjórnar BÍS:

- a. Stjórnarfundir: Stefna að því að stytta umræður um afgreiðslumál og tilkynningar. Skipting fundartíma verði þannig að fyrsta klukkustundin er fyrir afgreiðslumál og tilkynningar og síðan tvisvar sinnum 45 mínútur í dýpri umræðu um mál sem sérstaklega eru undirbúin.
- b. Undirbúa fund með félagsforingjum um uppbyggingu stjórnar og ráða BÍS.